

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 470 — 378. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga
(lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags).

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

I. KAFLI

Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags.

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal miða við að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir 1.000.

Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, innan árs frá þeim sveitarstjórnarkosningum, leitast við að ná þeim markmiðum sem fjallað er um í 1. mgr., með því annað hvort:

1. Hefja formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga, eða
2. afgreiða álit á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr. og um þau tækifæri sem felast í mögulegum sameiningarkostum sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um þau atriði sem fram þurfa að koma í álitu skv. 2. tl. 2. mgr. en þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúabróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður. Ráðherra getur að ósk sveitarstjórnar veitt henni lengri tíma til afgreiðslu álitsins ef ástæða þykir til.

Álit skv. 2. tl. 2. mgr., skal sent ráðuneytinu til umsagnar og síðan kynnt íbúum sveitarfélagsins með fullnægjandi hætti ásamt umsögn ráðuneytisins. Að því loknu skal sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort hefja eigi sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. og hafa um það tvær umræður skv. 1. mgr. 18. gr.

Taki sveitarstjórn ákvörðun um að hefja ekki sameiningarviðræður skv. 4. mgr., geta minnst 10% af þeim sem kosningarétt eiga í sveitarfélagi óskað almennrar atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skal verða við ósk íbúa eigi síðar en innan 6 mánaða frá því að hún berst og skal niðurstaða atkvæðagreiðslunnar vera bindandi fyrir sveitarstjórn. Að öðru leyti fer um atkvæðagreiðsluna skv. 107. gr.

Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags er 1.000 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en sem greinir í 1. mgr. í þrjú ár samfleytt og skal þá ráðherra eiga frumkvæði að því að sameina það öðru eða öðrum nærliggjandi sveitarfélögum skv. 120. gr. a.

Að ósk sveitarstjórnar sveitarfélags sem fellur undir 2. mgr. er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar, sbr. 4. mgr., að veita tímabundna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda

Í vinnslu – 4. maí 20214. maí 20214. maí 202128. apríl 202116. mars 2021

í allt að fjögur ár og í eitt skipti ef sérstakar ástæður mæla gegn því að sveitarfélag geti myndað stjórnsýslulega heild með nærliggjandi sveitarfélögum.

Áður en ráðherra tekur ákvörðun skv. 3. mgr. skal hann skipa fjögurra manna ráðgjafar-nefnd til að veita umsögn um hvort skilyrði fyrir undanþágu skv. 3. mgr. eru fyrir hendi. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn tilnefndur af Bygðastofnun og skulu tveir nefndarmenn sem hafa sérstaka reynslu og þekkingu á málefnum sveitarfélaga skipaðir án tilnefningar, þar á meðal formaður nefndarinnar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Í stað 3. mgr. 17. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Mæla skal fyrir um rétt sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skv. 1. mgr. skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess. Þá skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður og sveitarstjórnarmaður er staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Þegar fjarfundarbúnaður er notaður skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna.

3. gr.

Á eftir tilvísuninni „skv. 3.“ í síðari málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: og 4.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 120. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „sbr. þó 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: og 120 gr. a.
- b. Orðin „enda sé um að ræða a.m.k. ⅔ sveitarfélaganna og í þeim sveitarfélögum búi a.m.k. ⅔ hlutar íbúa á svæðinu“ í 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Á eftir 120. gr. laganna kemur ný grein, 120. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sameining sveitarfélaga að frumkvæði ráðherra.

Þegar ráðherra ber að eiga frumkvæði að því að sameina sveitarfélag öðru eða öðrum sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 4. gr. a, skal hann skipa sameiningarnefnd er í sitji tveir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tveir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu viðkomandi landshlutasamtaka. Þá skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar. Nú berst ráðherra eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal hann þá skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Í vinnslu – 4. maí 20214. maí 20214. maí 202128. apríl 202116. mars 2021

Sameiningarnefndin skal gera tillögu um hvaða kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins og skal nefndin afla upplýsinga um vilja íbúa sveitarfélagsins, svo sem með skoðanakönnunum, íbúafundum eða með öðru umsagnarferli. Einnig skal nefndin leita eftir afstöðu nærliggjandi sveitarfélaga og viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga um mögulega sameiningarkosti.

Að fenginni tillögu sameiningarnefndarinnar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna skal ráðherra taka ákvörðun um hvaða sveitarfélög skulu sameinuð.

Við ákvörðun skv. 3. mgr. skal ráðherra fyrst og fremst líta til vilja íbúa sveitarfélaganna og þess að nýtt sveitarfélag myndi landfræðilega og félagslega heild. Geri sameiningarnefndin fleiri en eina tillögu um sameiningarkosti getur ráðherra ákveðið að láta fara almenna og ráðgefandi kosningar meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

Þegar ákvörðun ráðherra skv. 3. mgr. liggur fyrir fer um frekari málsmeðferð sameiningarinnar skv. 121. – 127. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari tilhögun við sameiningu sveitarfélaga að frumkvæði ráðherra.

6. gr.

Á eftir orðunum „120. gr.“ í 1. mgr. 121. gr. laganna kemur: eða verið ákveðin af ráðherra skv. 120. gr. a.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 122. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „120. gr.“ kemur: eða verið ákveðin af ráðherra skv. 120. gr. a.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina og skal þá ráðherra skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

8. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í síðari málsl. 127. gr. laganna kemur: sjö.

9. gr.

Á eftir 130. gr. laganna kemur ný grein, 130. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags.

Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga.

Við gerð og mótnun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.

10. gr.

Fyrirsögn XIV. kafla laganna verður: **Aðrar skyldur sveitarfélaga.**

11. gr.

3. málsl. 3. mgr. 132. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í vinnslu – 4. maí 20214. maí 20214. maí 202128. apríl 202116. mars 2021

a. (IX.)

Þrátt fyrir 1-2. mgr. 4. gr. a, þurfa eingöngu sveitarfélög með færri íbúa en 250 við sveitarstjórnarkosningar 2022, að leitast við að sameinast öðru sveitarfélagi skv. 4. gr. a.

b. (X.)

Við gerð næstu stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga skv. 4. mgr. 2. gr., skal ráðherra hafa til hliðsjónar greiningu á mismunandi leiðum sem eru til þess fallnar að ná markmiðum um að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. a um lágmarksíbúafjölda er sveitarfélagi sem hefur færri en 250 íbúa ekki skylt að sameinast öðru eða öðrum sveitarfélögum fyrr en við almennar sveitarstjórnarkosningar 2022 og sveitarfélag sem hefur færri en 1.000 íbúa er ekki skylt að sameinast öðru eða öðrum sveitarfélögum fyrr en við almennar sveitarstjórnarkosningar 2026. Heimilt er að láta sameiningu taka formlega gildi 15 dögum síðar.

Ráðherra skal eiga frumkvæði að því að sameina sveitarfélög, sem hvorki uppfyllir skilyrði 1. mgr. né hefur komist að niðurstöðu um hvernig það skilyrði skuli uppfyllt, sbr. 119. og 120 gr., öðru eða öðrum sveitarfélögum, sbr. 120. gr. a, innan tveggja ára frá þeim sveitarstjórnarkosningum sem við eiga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

13. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo:

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að halda eftir allt að 1.000 millj. kr. af tekjum sjóðsins skv. a-, b- og d-lið 8. gr. a, utan þeirrar fjárhæðar sem skal renna til málefna fatlaðs fólks, á hverju ári á tímabilinu 2020–2035 til að safna fyrir sérstökum framlögum úr sjóðnum sem koma til vegna sameiningar sveitarfélaga, sbr. a-lið 11. gr.

14. gr.

Lög in öðlast þegar gildi.